



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/812
komudagur 20. 2. 2002

Akureyri, 15. febrúar 2002

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aukið samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu, 55. mál.

Iðjubjálfafélag Íslands fagnar því að nú skuli liggja fyrir tillaga um að tryggja beri skjólstaðingum heilsugæslunnar þjónustu fleiri fagstétta en lækna og hjúkrunarfræðinga, eins og lög um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 gera ráð fyrir. Félagið hefur um árabíl bent á ríkjandi skort á aðgengi að þjónustu iðjubjálfa og ýmissa annarra fagstétta, innan þeirrar grunnþjónustu sem heilsugæslan í landinu er.

Við stefnumótun og tilhögun slíkrar þjónustu er nauðsynlegt að hafa í huga mikilvægi þess að fagstéttir sem veita stoðþjónustu séu hluti af starfsliði heilsugæslustöðvanna, en ekki eingöngu aðkeyptir ráðgjafar. Reynsla og þekking hér á landi og erlendis frá hefur sýnt að mestur árangur næst, í heildstæðri og skjólstaðingsmiðaðri þjónustu þar sem unnið er í þverfaglegu teymi og neytandinn hefur kost á þeirri fagþekkingu sem þörf er á hverju sinni.

Samsetning þeirra nefnda og starfshópa, sem hingað til hafa unnið að stefnumótun í heilsugæslu framtíðarinnar hefur verið of einsleit, ekki síst m.t.t. gildandi lagaákvæða um hlutverk heilsugæslunnar. Félagið ítrekar mikilvægi þess að slík stefnumótun endurspegli þá þverfaglegu sýn sem nauðsynleg er til að ná þeim markmiðum sem t.d. hafa verið sett í heilbrigðisáætlun til ársins 2010.

Breytinga er þörf hið fyrsta í átt til bættrar starfsemi heilsugæslustöðva til hagsbóta fyrir alla. Þjónusta sem hittir í mark og svarar ríkjandi þörf er ávallt hagkvæm þegar til lengri tíma er litið.

Virðingarfyllst,
f.h. Iðjubjálfafélags Íslands

Kristín Sigursveinsdóttir, formaður